



Jákvæður agi á Álfasteini

Framkvæmdaáætlun haust 2015 til vors 2016

Tekin verða fyrir 4 verkfæri í hverjum mánuði

Í hverjum mánuði er áhersla á ákveðin verkfæri en við höldum samt áfram að nota þau sem þegar hafa verið tekin fyrir. Þegar þessi áætlun er búin metum við hvernig gekk, lengd tímabila, verkfæraskiptingu o.fl. Við byrjum svo aftur upp á nýtt eftir endurnýjaðri framkvæmdaáætlun.

Í vetur ætlum við að hafa leshring meðal starfsfólksins þar sem ákveðið lesefni úr bókum og öðru efni Jákvæðs aga verður tekið fyrir, gjarnan tengt verkfærum þess tímabils sem í gangi er. Á starfsmannafundum munu svo verða umræður um efnið.

Tímabil 1: september 2015

Verkfæri:

- Skiljum hvað liggur að baki hegðuninni
- Komum því til skila með viðmóti okkar að við viljum börnunum vel (message of caring)
- Veitum aðhald, festu og eftirfylgni með góðvild
- Ef við segjum eitthvað skulum við standa við það og fylgja því eftir, ekki hóta einhverju sem við getum ekki eða ætlum ekki að standa við.

Tímabil 2: október 2015

Verkfæri:

- Sköpum venjur með börnunum
- Gefum börnunum ákveðið hlutverk í hópnum/skólanum, þau finna að þau eru hluti af heildinni og að þau skipta máli.
- Nýtum barnafundina vel, tókum lítil skref í einu
- Þjóðum upp á jákvæða einveru

Tímabil 3: nóvember 2015

Verkfæri:

- Vörumst að bjarga eða „redda“ málunum – eðlilegar afleiðingar (spyrja hvað getum við gert í þessu máli?)



- Notum spurningar sem kalla á endurmat gjörða
 - Notum opnar spurningar, hvað, hvernig, hvers vegna og hlustum vel á börnin.
 - Hvetjum börnin til að koma með lausnir
-

Tímabil 4: janúar 2015

Verkfæri:

- Setjum alla undir sama hattinn, ræðum við þá aðila sem hlut eiga að máli
- Hlustum án þess að tala
- Notum hvatningu í stað refsinga og verðlauna
- Hróssum fyrir afmörkuð verk, hegðun eða eiginleika í stað þess að segja t.d. „þú ert frábær“.

Tímabil 5: febrúar 2016

Verkfæri:

- Lítum á mistök sem tækifæri til að læra/tækifæri til náms
- Notum VAL (viðurkenna – afsaka – leita lausna)
- Nýtum hjól valkostanna
- Gerum ekkert (gefum börnunum tækifæri til að leysa sjálf úr málum)

Tímabil 6: mars 2016

Verkfæri:

- Notum eins fá orð og mögulegt er (10 orða hámark)
- Lýsum líðan okkar heiðarlega og opið, „mér líður...“
- Notum hómor (á réttan hátt án þess að það sé á kostnað einhvers)
- Spegulun – höfum í huga að við speglum hegðun annarra, „ég tók eftir því að...“.

Tímabil 7: apríl 2016

Verkfæri:

- Ákveðum hvað við ætlum að gera
- Framkvæmum, tölum ekki bara
- Þjóðum afmarkaða (tvo) valkosti
- Segjum „nei“ með virðingu og reisn (notið sjaldan)